



Heilbrigðisráðuneytið  
Síðumúli 24  
108 Reykjavík  
(Sent á samráðsgátt stjórnvalda)

08. nóvember 2023

**Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs. Mál nr. 209/2023.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar tækifærið til þess að skila inn umsögn um reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs. Fíh fagnar því að verið sé að koma á reglugerð um meðferðir til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs.

Hjúkrunarfræði á Íslandi er fjögurra ára nám sem kennt er í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Námið er bæði fræðilegt og verklegt og lýkur með 240 ECTS eininga BS gráðu. Að námi loknu þarf að sækja um hjúkrunarleyfi til Embættis landlæknis sem er forsenda þess að fá að kalla sig hjúkrunarfræðing og starfa sem slíkur hér á landi. Námið er fjölbreytt og þurfa nemendur í hjúkrunarfræði að standast námskeið í líffærafræði, frumulíffræði, örveru- og sýklafræði, lífeðlisfræði, siðfræði, ónæmis- og meinafræði, lyfjafræði, skurðlækninga- og lyflækningafræði og eru þá ekki öll námskeið upptalin.

Í reglugerðardrögum sem hér eru til umsagnar vill Fíh benda á að orðalag er sum staðar óskýrt. Til að mynda í 5 gr. reglugerðardraga er ritað um *haldbæra þekkingu og reynslu* og einnig um *fullnægjandi menntun í líffærafræði og líkamsbyggingu*. Hér telur Fíh að skýra þurfi betur hvað átt er við.

Þrátt fyrir óskýrt orðalag reglugerðardraga skal hér komið á framfæri að Fíh telur að menntun hjúkrunarfræðinga á Íslandi sé fullnægjandi til þess að vera sjálfstæðir veitendur meðferða á grundvelli reglugerðardraga þessara. Fíh telur jákvætt að opnað sé fyrir þann möguleika að hjúkrunarfræðingar geti veitt þær meðferðir, sem þeir hyggjast veita, með því að sækja sér viðbótarþjálfun. Enda þekkest það víða erlendis (t.a.m. í Bretlandi, Kanada, Bandaríkjunum) að hjúkrunarfræðingar veiti meðferðir til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs. Fíh telur þó að skilgreina þurfi betur í reglugerðardrögum hvað sú viðbótarþjálfun þurfi að innibera og hvernig hún skuli metin.



Þá telur Fíh að einnig þurfi að vera skýrt til hvaða efna reglugerðardrögin ná yfir. Skv. lyfjalögum nr.100/2020 þá uppfylla ekki öll fylliefni skilgreininguna að vera lyf þar sem þau eru ekki forvarnir gegn sjúkdómum, hafa ekki áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi, verka ekki á efnaskipti og eru ekki notuð til þess að staðfesta sjúkdóma.

Fíh fagnar því að hjúkrunarfræðingum verði heimilt að veita meðferðir á eigin ábyrgð að uppfylltum skilyrðum skv.5 gr., 2.mgr reglugerðardraga en bendir einnig á að skilyrði um lágmarkskröfur til rekstrar heilbrigðisþjónustu sbr. 13.gr reglugerðar um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur nr. 786/2007 eru óljós en þar segir:

*Landlækni er heimilt að gera frekari faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum sé það talið nauðsynlegt vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um er að ræða.*

Fíh telur að skýra þurfi betur í reglugerðardrögum hvaða faglegu lágmarkskröfur þurfi að vera til staðar, til reksturs heilbrigðisþjónustu, þar sem meðferðir til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs, fara fram á ábyrgð hjúkrunarfræðinga.

Að lokum vill Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga koma á framfæri vilja sínum til að koma að frekari samstarfi við yfirvöld um reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður  
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga